Grunnskólinn á Ísafirði

Skólahandbók

Handbók nemenda og foreldra
2023-2024

INNGANGUR

Skólahandbók Grunnskólans á Ísafirði – handbók nemenda og foreldra er hluti af skólanámskrá Grunnskólans á Ísafirði. Hér eru ýmsar hagnýtar upplýsingar um skólastarfið í stuttum og hnitmiðuðum texta sem ætla má að komi foreldrum og nemendum vel.
Ritið er handbók sem tekur til helstu þátta skólastarfsins og er umfjöllun um efnisatriði því takmörkuð. Margir þættir skólastarfsins eru í sífelldri endurskoðun og ber að hafa þann fyrirvara á við lestur handbókarinnar.
Farsælt nám byggist á góðu og traustu samstarfi nemenda, foreldra og starfsfólks skólans. Gott samstarf heimila og skóla er einn af hornsteinum árangursríks skólastarfs. Rannsóknir hafa sýnt jákvæða fylgni milli námsárangurs og félagsvirkni foreldra, m.a. virkni foreldrafélaga, starfsemi tengiliða foreldra o.fl.
Það er einlæg ósk okkar að öllum þeim aðilum sem að skólastarfinu koma með einum eða öðrum hætti öðlist sú gæfa að vinna vel saman.
Sameiginlegt markmið okkar er velferð barnanna. Þar má enginn skorast undan, þar berum við öll sameiginlega ábyrgð.
Afar mikilvægt er að allir aðilar starfi saman af heilindum og hafi sýn skólans að leiðarljósi, þannig að virðing og samhugur verði sýnilegir þættir í skólastarfinu og í menntun barnanna.
Gott og farsælt samstarf er ekki aðeins til þess fallið að mennta börnin heldur einnig sem liður í mannbætandi uppeldi og öflugum forvörnum.

Ísafirði, ágúst 2023

Kristján Arnar Ingason

skólastjóri

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR **2**

1. GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI **4**

2. STJÓRN SKÓLANS OG SKIPULAG **4**

3. FRAMKOMA OG SKÝR MÖRK **5**

4. ÁBENDINGAR – NAUÐSYNLEGT AÐ VITA **12**

5. NÁMSMAT OG TRÚNAÐARGÖGN **13**

6. STOÐÞJÓNUSTA **14**

7. ÝMSIR ÞÆTTIR **15**

8. HEIMILI OG SKÓLI **17**

9. HEILSUGÆSLA **19**

10. SKÓLAAKSTUR **19**

11. VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ **20**

12. SKIPURIT GÍ **21**

1. GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Grunnskólinn á Ísafirði var fyrst formlega settur árið 1874 og hefur því starfað óslitið í rúm 146 ár. Áður var skólahald á Ísafirði slitrótt og háð einkaframtaki að stærstum hluta. Skólinn stendur á Eyrinni, í hjarta bæjarins. Haustið 2008 var nýtt hús tekið í notkun og hýsir það list- og verkgreinar, bókasafn og fjórar almennar kennslustofur, auk hluta af Dægradvöl.

Nemendur skólans koma einkum af Eyrinni og nágrenni hennar, Holtahverfi og úr Hnífsdal. Skólabíll ekur þeim sem þurfa að sækja skóla um langan veg.

Í Ísafjarðarbæ eru fjórir heildstæðir grunnskólar, þeir eru: Grunnskólinn á Þingeyri, Grunnskóli Önundarfjarðar á Flateyri, Grunnskólinn á Suðureyri og Grunnskólinn á Ísafirði. Töluverð samvinna er milli skólanna og er t.d. leitast við að samræma hinn ytri ramma s.s. skóladagatal og sækja nemendur GÖ og GS valgreinar í GÍ. Hver skóli hefur svo sín sérkenni sem mótast af staðháttum, stærð, stefnumótun og fleiri þáttum.

Grunnskólinn á Ísafirði starfar skv. grunnskólalögum, aðalnámskrá og reglugerðum um starfsemi grunnskóla. Menntastefna Ísafjarðarbæjar setur fram sérstök áhersluatriði og umgjörð varðandi starfsemi skólans

2. STJÓRN SKÓLANS OG SKIPULAG

Hér verður í fáum orðum gerð grein fyrir stjórnskipulagi grunnskólans. Hafa ber í huga að um gróft yfirlit er að ræða og fleiri aðilar og stofnanir koma að en hér greinir. Hér er aðeins vikið að stjórnskipulagi heima í héraði og innan skóla, þ.e. hverjir koma að stjórnun, stefnumótun og ákvarðanatöku. Menntamálaráðuneyti hefur æðsta vald í þessum málaflokki.

Fræðslunefnd er skipuð fimm fulltrúum. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamálum, fylgjast með því að aðbúnaður sé í samræmi við ákvæði laga og skólanum sé tryggður aðgangur að viðeigandi sérfræðiþjónustu.

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar (STÍ) fer með daglega yfirstjórn þeirra málefna sem falla undir fræðslunefnd. Sérfræðiþjónusta skólans er fengin í gegnum Skóla- og tómstundasviðu. Á skrifstofunni starfa Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Ráðið fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar

breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Einnig fylgist það almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki er valinn einn fulltrúi grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra. Skólastjóri skal boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að skólastjóri ber ábyrgð á starfi skólans, fjármálalegum rekstri og veitir honum faglega forystu. Aðstoðarskólastjóri er staðgengill skólastjóra og hefur umsjón með yngra- og miðstigi (1.-7. bk.), deildarstjóri unglingastigs hefur umsjón með elsta stiginu (8.-10. bk.) og deildarstjóri stoðþjónustu hefur umsjón með sérkennslu og hvers konar stoðþjónustu.

Umsjónarkennarar annast daglega umsjón með nemendum sínum, sjá um samskipti við foreldra eftir því sem við á og aðra kennara barnsins, sinna skráningu einkunna og annarra upplýsinga er varða nemandann. Þeir hlutast til um að nemandinn njóti allrar þeirrar þjónustu sem honum ber og unnt er að veita.

Kennarafundir eru á þriggja vikna fresti og eru þeir vettvangur kynninga og ákvarðanatöku um hin ýmsu mál. Á milli kennarafunda eru deildarfundir og fagfundir.

Nemendaverndarráð er starfandi við skólann og er ætlað að samræma störf þeirra aðila sem fjalla um málefni einstakra nemenda. Ráðið er einnig eineltisvarnateymi og aðstoðar umsjónarkennara við úrvinnslu eineltismála sem upp koma.

Nemendaráð starfar við skólann og er það kosið árlega af nemendum í 8.-10. bekk. Það vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda.

3. FRAMKOMA OG SKÝR MÖRK

Hvarvetna gilda ákveðnar leikreglur sem öllum ber að fara eftir. Um er að ræða reglur sem settar eru í þeim tilgangi að jafna aðstöðu og til að samskipti og starfsemi gangi eðlilega og árekstralaust fyrir sig.
Í grunnskólalögunum segir m.a. um skólareglur í 41. grein: „*Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu því er skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisvenjum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.“*
Í skólanum gilda ákveðin viðmið um samskipti sem öllum ber að fara eftir. Þessi viðmið gilda alls staðar þar sem kennsla fer fram, á skólalóð og í öllum ferðum sem farnar eru á vegum skólans.

Í Grunnskólanum á Ísafirði höfum við gert með okkur sáttmála um samskipti sem kemur í stað formlegra skólareglna. Við höfum einnig skilgreint ákveðin mörk í samskiptum sem við viljum standa vörð um. Sáttmálinn og skýru mörkin eru birt í Skólahandbók skólans sem gefinn er út í upphafi hvers skólaárs. Umsjónarkennarar kynna þessi atriði fyrir nemendum og fyrir foreldrum og forráðamönnum á haustfundum.
Umsjónarkennarar gera bekkjarsáttmála um samskipti eða setja bekkjarreglur í samvinnu við nemendur sína. Mikilvægt er að allir sem koma að starfi með börnunum viti til hvers er ætlast og því þarf að kynna samskiptareglurnar fyrir foreldrum.
Eðli máls samkvæmt er ekki hægt að sjá fyrir allt sem upp kann að koma í skólastarfinu. Í hverju tilviki fyrir sig metur starfsfólk hvernig brugðist skal við aðstæðum.

Við óskum eftir að samskipti í skólanum einkennist af:
Virðingu: Í skólanum okkar ríkir virðing fyrir eigum, skoðunum og sérstöðu hvers og eins.

Samhug: Í skólanum okkar ríkir gleði og vellíðan. Við finnum samstöðu og traust, hjálpumst að og erum örugg.

Menntun: Í skólanum okkar ríkir vinnugleði, nýsköpun, gagnrýnin hugsun og virk uppbygging. Við höfum metnað, sköpunargleði, ábyrgð og kraft til að gera okkar besta.

Öryggi: Skólinn á að vera öruggur staður þar sem öllum á að líða vel.

- Til þess að tryggja öryggi allra í skólanum eru hjól, hjólabretti, línuskautar o.þ.h aðeins leyfð á ákveðnum svæðum á skólalóð á skólatíma vegna slysahættu.
- Nemendur biðja starfsmenn um leyfi ef þeir þurfa að yfirgefa skólalóð á skólatíma.
- Neysla sælgætis og gosdrykkja stangast á við hugmyndir um heilsusamlega lífshætti og er því aðeins leyfð við sérstök tækifæri í skólanum.

Kurteisi og tillitsemi: Mikilvægt er að temja sér prúðmannlega framkomu jafnt í orði sem í verki. Við umgöngumst aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur.

Snyrtimennska og stundvísi: Við göngum vel og snyrtilega um húsnæði skólans og skólalóðina þar sem okkur líður öllum betur í snyrtilegu umhverfi. Stundvísi er góður kostur sem auðveldar samvinnu allra í skólanum, því er mikilvægt að við leggjum okkur öll fram um að mæta á réttum tíma.

Reglur um notkun snjalltækja

Í Grunnskólanum á Ísafirði þurfum við öll að gæta öryggis í notkun snjalltækja, tryggja vinnufrið nemenda og starfsmanna og sýna hvert öðru tillitssemi.

Reglur um snjalltækjanotkun á unglingastigi

- Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga tækin að vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi. Kennari getur gefið leyfi ef nota á tækin í tengslum við námið.
- Nemendur og forráðamenn þeirra bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- Myndatökur og hljóðupptökur eru ekki leyfðar í húsnæði skólans og starfsstöðvum hans þ.e. skólalóð, félagsmiðstöð, íþróttahúsum, Sundhöll og Dægradvöl, nema með sérstöku leyfi.
- Við erum sammála um að leyfilegt er að nota síma og snjalltæki til afþreyingar í frímínútum og matarhléi á þeim svæðum sem skilgreind eru fyrir unglinga.

Reglur um snjalltækjanotkun á yngsta- og miðstigi

- Við erum sammála um að ef nemendur á yngsta- og miðstigi taka snjalltæki með í skólann, þá skulu þau vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi, þar til skóladegi lýkur.

Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessu samkomulagi þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu skólans að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra.
Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til skólastjórnanda, sem hefur þá samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.

- Reglur þessar taka mið af niðurstöðum nemendaþings um símanotkun, sem haldið var á unglingastigi 4.október 2021 og tóku gildi 25.nóvember 2021.

Mistök í samskiptum eða umgengni

Ef nemendum verða á mistök í samskiptum eða umgengni viljum við reyna að hjálpa þeim að leysa málin á uppbyggilegan hátt, þannig að þeir bæti fyrir þann skaða sem þeir hafa valdið. Við leggjum áherslu á að nemendur læri betri leiðir í framkomu og samskiptum við aðra.

Verklag vegna ofbeldisfullrar hegðunar barns

Sýni nemandi ofbeldisfulla hegðun þarf að tryggja fagleg og örugg vinnubrögð sem einkennast af góðu skipulagi. Líkamlegu inngripi er einungis beitt í neyð ef hegðun nemanda getur leitt til þess að hann valdi sjálfum sér eða öðrum skaða.

Nemanda skal alltaf gefið val um að láta af hegðun án inngrips. Ávallt skal halda ró, stundum gott að segja ekkert um sinn og tala síðan rólega og yfirvegað. Huga þarf að líkamstjáningu og orðavali svo barnið upplifi ekki ögrun eða skipun.



Skýr mörk
Starfsfólk skólans hefur skilgreint ákveðin mörk sem eiga að stuðla að auknu öryggi í skólanum og líta svona út:
Í skólanum okkar eiga allir að vera öruggir, hafa vinnufrið, njóta virðingar og vera lausir við:

- *ofbeldi*
- *vopn*
- *fíkniefni*
- *ógnanir, ögranir og hótanir*
- *meðvitaða truflun á skólastarfi*
- *skemmdarverk og þjófnaði*
- *mismunun vegna uppruna eða litarháttar*

Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að sjá til þess að svo sé.
Að fara yfir skýru mörkin stangast á við hugmyndir okkar um öryggi einstaklingsins í skólanum og hópsins sem heildar. Það stangast einnig á við hugmyndir okkar um virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu.

Agabrot – brottvísun úr skóla
Ef allt um þrýtur og ekki tekst að leysa vanda nemandans innan skólans á viku er málinu vísað til fræðslunefndar. Stuðst er við Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins nr. 1040/2011.

Námsver
Námsver var opnað í skólanum haustið 2014. Það er aðallega hugsað fyrir nemendur á miðstigi og unglingastigi sem þurfa meira næði og aðstoð til að vinna, heldur en umhverfi bekkjarstofunnar getur veitt þeim. Nemendur geta einnig óskað eftir að taka próf / kannanir í verinu. Sérkennarar nýta námsverið í vinnu með einstaklinga og hópa og reynt er að manna námsverið þannig að kennari sé alltaf til staðar.

Mentor
Bent er á að foreldrar fá **lykilorð** á Mentorvef skólans og hafa þá aðgengi að upplýsingum um námsframvindu, skólasókn o.fl. Einnig býður Mentor upp á smáforrit til að auðvelda foreldrum aðgengi að námsupplýsingum.
Allar leyfisbeiðnir nemenda fara nú í gegnum Mentor og geta foreldrar einnig skráð veikindi í gegnum þá síðu. Hægt er að sækja sér nýtt lykilorð á forsíðu Mentor (www.infomentor.is). Umsjónarkennarar og skólaritari geta einnig sent foreldrum ný lykilorð.

Skólasókn
Samkvæmt grunnskólalögum er skólaskylda í landinu. Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni og samskiptum með hliðsjón af aldri og þroska. Foreldrar bera einnig ábyrgð á námi barna sinna og skólagöngu þeirra. Ef nemandi þarf að fá leyfi úr skóla 1-2 daga skal hafa samband við umsjónarkennara. Ef um er að ræða lengra leyfi

en tvo daga skal skila inn skriflegri umsókn um leyfið, með vitund umsjónarkennara. Foreldrar bera ábyrgð á að nemendur vinni þau verkefni sem eru á vinnuáætlun á leyfistíma þeirra.
Ef nemandi mætir of seint eða er fjarverandi í tíma er það skráð í *mentor*. Foreldrar hafa aðgang að skráningum barna sinna og ber að fylgjast með stundvísi þeirra.
Við skráningar á mætingum er notað svokallað punktakerfi. Komi nemandi of seint í kennslustund fær hann einn punkt, tvo ef hann er fjarverandi og þrjá ef honum er vísað úr tíma. Seint telst það ef nemandi kemur eftir að starf er hafið, en innan við 20 mínútur liðnar af tímanum. Það telst óheimil fjarvist ef nemandi mætir eftir að kennslustund er hálfnuð eða mætir alls ekki í tíma án þess að hafa fengið leyfi fyrirfram.
Að vori er gefin einkunn fyrir skólasókn
Skólasóknareinkunn byggir á eftirfarandi punktakerfi:

Punktar	Einkunn
0-4	A
5-13	B
14-35	C
36-60	D

Telja skal leyfi til skólasóknareinkunnar. 6 dagar á ári gefa ekki punkta en hver dagur umfram það gefur 1 punkt. Ef nemendur eru valdir til þátttöku í landsliði eða öðrum viðburðum á landsvísu geta þeir fengið leyfi án punkta.

Allar skráningar vikunnar eiga að vera komnar inn á föstudögum og mikilvægt er að foreldrar fylgist með skráningum.
Ef nemanda er vísað út úr kennslustund hringir viðkomandi kennari heim til nemanda, greinir frá málavöxtum og býður upp á fund með nemanda og forráðamanni. Kennari skal einnig láta umsjónarkennara vita. Ef slíkt gerist oftar en einu sinni skal vísa nemanda til skólastjórnanda sem tekur ákvarðanir um framhald málsins. Ef brottvísanir eru ítrekaðar/ef framkoma lagast ekki er hægt að vísa nemanda úr skóla meðan mál hans er kannað og fundin viðeigandi lausn. Slíkt getur jafnframt leitt til þess að viðkomandi nemandi verði útilokaður frá þátttöku í ferðum og samkomum á vegum skólans um lengri eða skemmri tíma.

Umsjónarkennarar senda samantekna ástundun heim einu sinni í mánuði. Kennarar skulu skrá í dagbók nemenda ef þeir hafa samband heim eða halda fundi vegna ástundunar. Fari punktar vegna seinkomu eða fjarvista yfir ákveðinn fjölda er gripið til eftirfarandi aðgerða:

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Fjarvistir nemenda í 1. – 10. bekk



Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Leyfi og veikindi nemenda

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða (staðfest langtímaveikindi eru hér frátalin). Skóli getur óskað eftir vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag. Viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar eru í eftirfarandi þrepum. Gott er að styðjast við viðmið um fjölda veikinda og/eða leyfisdaga við hvert þrep, en einnig er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers og eins nemanda.



Eftir að máli hefur verið vísað til barnaverndar vegna slakrar skólasóknar skal umsjónarkennari fylgjast með mætingum og senda starfsmanni barnaverndar vikulega yfirlit yfir mætingarnar.

4. ÁBENDINGAR – NAUÐSYNLEGT AÐ VITA

Í þessum hluta er samsafn ýmissa atriða sem ætla má að sé gott að hafa aðgengileg á einum stað. Um er að ræða ýmis hagnýt atriði er varða skólastarfið beint og óbeint.

Heimanám - Ný heimanámsstefna var tekin í gildi haustið 2013. Samkvæmt henni er lögð áhersla á það að nemendur þurfi að sinna lestri heima en annað heimanám sé í lágmarki og alltaf í samstarfi við forráðamenn. Foreldrar geta alltaf óskað eftir frekara heimanámi. Lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar má nálgast hér.

Útivistartími barna er ákveðinn í reglugerð. Samkvæmt reglunum mega börn 12 ára og yngri ekki vera úti eftir kl. 20:00, frá 1. september til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum og ekki eftir kl. 22:00 frá 1. maí til 1. september. 13 til 15 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22:00, frá 1. sept. til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum og ekki eftir kl. 00:00 frá 1. maí til 1. september.
Undantekning er frá þessari reglu ef um er að ræða beina heimferð frá skólaskemmtun, íþróttasamkomu eða viðurkenndri æskulýðsstarfsemi (t.d. starfi félagsmiðstöðvar). Hafa ber hugfast að um er að ræða **hámarkstíma** í þessum reglum. Foreldrar eiga að sjálfsögðu að takmarka tímann eftir aðstæðum.

Ísafjarðarbær hefur keypt **slysatryggingu** fyrir nemendur grunn- og leikskóla bæjarins. Tryggingin er háð ákveðnum skilmálum en hún gildir „hvernig svo sem slysið ber að, hver svo sem á sök á því og hvort sem slysið verður við nám eða í leik á skólatíma.“ Tryggingarnar gilda ekki í ferðum erlendis. Varðandi slíkar ferðir er forráðamönnum bent á að kaupa sérstakar tryggingar fyrir börn sín.
Varðandi slys eða óhöpp á skólatíma þá greiðir skólinn fyrstu heimsókn á heilsugæslustöð vegna slyss eða óhapps. Skólinn greiðir almennt ekki kostnað vegna endurkomu.

Skólinn bætir ekki hvarf eða **skemmdir á persónulegum munum** af neinu tagi. Rétt er að benda á að heimilistrygging bætir slíkan skaða að einhverju leyti.
Skólaliðar safna **óskilamunum** saman á neðri hæð nýbyggingar þar sem foreldrar og nemendur hafa aðgang að þeim. Mikilvægt er að merkja föt og aðra muni vel. Eftir skólalok að vori er öllum ómerktum óskilafatnaði komið til Rauða krossins.

Ef nemandi er með **ofnæmi eða sjúkdóma** sem geta haft áhrif á vinnu nemenda í skólanum ber foreldrum eða forráðamönnum að láta umsjónarkennara vita. Umsjónarkennari skal síðan láta aðra kennara barnsins vita. Þetta á einnig við ef barnið hefur einhvers konar aðrar sérþarfir sem bregðast þarf við í skólanum.
Foreldrar skulu tilkynna um ofnæmi til starfsfólks mötuneytisins ef það er þess eðlis.

Nauðsynlegt er að foreldrar láti umsjónarkennara barna sinna vita ef barnið hefur **tímabundið aðsetur** annars staðar en heima hjá sér, t.d. þegar foreldrar bregða sér af bæ í nokkra daga. Einnig þarf að láta vita ef fjölskyldan flytur, fær nýtt símanúmer eða ef **fjölskylduhagir** breytast þannig að ætla má að það geti haft áhrif á barnið.

Skólahald er ekki fellt niður vegna veðurs nema Almannavarnir hvetji til þess. Þá er það tilkynnt í RÚV (Rás 1 og Rás 2), Bylgjunni, á heimasíðu og facebook síðu skólans og svo fljótt sem verða má. Telji forráðamaður nemanda veður eða veðurútlit varhugavert þótt engin tilkynning hafi borist frá skóla varðandi skólahald, ber honum að meta hvort óhætt sé að senda nemandann í skólann. Slík tilvik ber að tilkynna til ritara strax að morgni.
Ef óveður skellur á meðan nemendur eru í skólanum þá er yngstu nemendum ekki hleypt heim nema í strætó/skólabíl, með foreldrum skólafélaga eða að foreldrar sæki þá eða tryggi börnum sínum örugga heimferð á annan hátt. Nemendum er tryggð aðstaða í skólanum svo lengi sem þarf. **Varðandi skólabíla** fyrir dreifbýli og fatlaða, þá meta bílstjórar þeirra ástandið í þeim tilvikum sem skólastarfi er ekki formlega aflýst. Ef þeir telja akstur ótryggan eða varhugaverðan og heimferð e.t.v. í óvissu þá hafa þeir samband við sitt fólk og skólann.

Foreldrar eru hvattir til að sjá svo um að börn þeirra komi **klædd miðað við aðstæður** og hafi ávallt nauðsynleg gögn og útbúnað meðferðis. Sjálfsagt er að benda á mikilvægi þess að **nemendur noti inniskó**. Gólf eru stundum blaut, köld og óhrein, sérstaklega í námunda við anddyri.

5. NÁMSMAT OG TRÚNAÐARGÖGN

Megintilgangur námsmats er að örva nemendur við námið og hvetja þá til sjálfsmats. Nemendur fá vitnisburð að vori. Auk þess gefa kennarar endurgjöf jafnt og þétt yfir veturinn og skrá það í Mentor.

Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er lagt fyrir þá er meginreglan sú að **prófið er ekki lagt fyrir** nemandann. Kennari gefur þá einkunn sem miðast við ástundun og verkefnavinnu. Kennarar geta vikið frá þessu ef svo ber undir. Aukin áhersla er nú lögð á svokallað **símat**, þá er dregið úr formlegum prófum og vægi vinnu og verkefna aukið að sama skapi.

Ákveðið form er á fyrirkomulagi **lestrarprófa** í skólanum sem nefnist Lesferill og er gefinn út af Menntamálastofnun og inniheldur hann nokkrar gerðir prófa til að meta lestrarfærni. Um er að ræða lesskimunarpróf, hraðlestrarpróf, lesskilningspróf og framsagnarpróf.

Trúnaðargögn sem varða einstaka nemendur og berast í skólann afhendast deildarstjóra stoðþjónustu til skráningar. Umsjónarkennari kemur upplýsingum til þeirra kennara sem kenna viðkomandi barni. Þau gögn sem berast og eru merkt sem trúnaðarmál eru geymd í læstri hirslu samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Skólinn sendir námsmat og þau trúnaðargögn sem við á milli skóla í þeim tilvikum sem nemandi flytur milli skóla, ef um það er beðið.

6. STOÐÞJÓNUSTA

Í þessum kafla er safnað saman ýmsum atriðum er lúta að sértækri aðstoð við nemendur sem ætla má að komi sér vel fyrir foreldra að hafa tiltæka á einum stað. Hafa skal hugfast að þessi listi er ekki tæmandi.
Nauðsynlegt er að geta þess að nemendur fá almennt ekki sértæka aðstoð nema foreldrar óski eftir því og útfylli tilvísun. Beiðni um sértæka aðstoð getur hvort heldur sem er komið frá foreldrum eða skóla allt eftir eðli málsins en í öllum tilvikum þurfa foreldrar að undirrita beiðni þar um sem jafngildir samþykki þeirra.

Foreldrar sem telja að barn sitt þurfi sértæka þjónustu skulu ávallt snúa sér **fyrst til umsjónarkennara,** hann ráðleggur foreldrum og beinir málinu til réttra aðila.

Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við skólann og/eða STÍ ef börn þeirra fá ekki þá þjónustu sem þeim ber að mati foreldra. Þá eru málin skoðuð og reynt að leiðrétta þau ef mistök hafa orðið eða skýra málavöxtu ef um það er að ræða.

Nemendur sem víkja verulega frá námi og námskrá síns árgangs fá **sérkennslu**. Kennt er samkvæmt bekkjar- og/eða einstaklingsnámskrá. Umsjónarkennari í samstarfi við sérkennara eða almennan kennara sem tekið hefur að sér að vinna við sérkennslu gerir einstaklingsnámskrár, skipuleggur með umsjónarkennara og gerir kennsluáætlanir. Gert er ráð fyrir að sérkennsla sé veitt bæði inni í almennum kennslustofum og einnig utan þeirra. Skipulag sérkennslunnar ræðst af eðli hvers máls. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um kennsluáætlanir og hefur yfirumsjón með sérkennslu í skólanum. Nemendur fá ekki sérkennslu nema foreldrar samþykki þá ráðstöfun, hafni foreldrar sérkennslu sem skólinn mælir með óskast það staðfest skriflega.

Nemendur sem eiga við mikla sértæka erfiðleika að etja fá sumir hverjir sérstaka aðstoð **stuðningsfulltrúa** í skólanum.

Í skólanum er einnig starfrækt námsver, þar er sinnt sérkennslu í 5.-10. bekk. Nemendur geta einnig óskað eftir því að fara í Námsverið til að vinna því þar er oft meiri ró en í bekknum.

Við skólann starfar **náms- og starfsráðgjafi**. Hlutverk hans er að styðja nemendur og liðsinna í málum er varða nám, skólavist, framhaldsnám, starfsval o.fl. Náms- og starfsráðgjafi er einnig ráðgefandi fyrir foreldra og kennara.

Í skólanum starfar kennari sem hefur sérhæft sig í kennslu **nýbúa**, nemenda sem hafa flust til Íslands og eiga annað móðurmál en íslensku. Einnig er um að ræða íslensk börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis. Þessir nemendur þurfa oftar en ekki aðlagaða námskrá og aðrar kröfur a.m.k. fyrstu misserin.

Forsenda þess að nemandi fái stuðning er að erfiðleikar nemandans hafi verið skilgreindir. Oft er nægjanlegt að skólinn og/eða STÍ sjái um greiningu, einkum ef

málið telst ekki mjög alvarlegt. Ef nemandi þarf mikla og e.t.v. sértæka aðstoð þá þarf **greining frá viðurkenndum stofnunum** eins og t.d. BUGL (Barna- og unglingageðdeild), GRR (Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins) og Þroska- og hegðunarstöð að liggja fyrir. STÍ hefur milligöngu um greiningu frá fyrrnefndum aðilum.

STÍ sér skólanum fyrir **sértækri aðstoð** eða hefur milligöngu um slíka aðstoð eftir því sem þörf krefur og aðstæður gefa tilefni til. Foreldrar sem telja sig þurfa ráðgjöf, aðstoð eða samtal við sérfræðinga geta milliliðalaust haft samband við starfsfólk STÍ. Sjálfsagt er að benda á að allir sérfræðingar STÍ sem og kennarar eru bundnir trúnaði við skjólstæðinga sína.

Dægradvöl er skóladagvist sem starfrækt er á Ísafirði og hefur hún aðstöðu á 2. hæð Sundhallarinnar að Austurvegi og í húsnæði Grunnskólans. Dægradvöl er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en ef aðstæður leyfa komast eldri nemendur líka að. Starfsmenn Dægradvalar passa upp á að senda nemendur í tónlistartíma, íþróttatíma og allar þær tómstundir sem börnin stunda utan Dægradvalar. Reglulega er farið í gönguferðir en að öðru leyti eru þau við frjálsan leik, föndur, spil o.fl. ýmist úti eða inni.

7. ÝMSIR ÞÆTTIR

Í þessu kafla er ýmsum hagnýtum upplýsingum komið á framfæri. Hér eru atriði sem e.t.v. falla ekki beint undir ákveðna kafla heldur er samtíningur atriða.

Skólinn er opinn frá kl. 7:45-15:45 frá mánudegi til fimmtudags og frá kl. 7:45-14:00 á föstudögum. Síminn á skiptiborði er 450-8300 og skal láta vita um veikindi nemenda daglega símleiðis, eða í gegnum skráningu foreldra á Mentor.

Skólinn leggur áherslu á að taka vel á móti **nýjum nemendum**. Þeim er boðið í heimsókn með foreldrum þar sem þeir sjá aðstöðu bekkjarins, hitta væntanlegan umsjónarkennara, skólaritara og stjórnendur. Þeim er afhent skólahandbók og annað efni sem við á.

Nemendum gefst kostur á að kaupa mjólk í áskrift í skólanum. **Mötuneyti nemenda** í sal skólans er opið í löngu frímínútum (fyrir 7-10. bk.) og í hádegi (fyrir 1.-10. bk.). Nemendur í 1.-7. bekk geta fengið „neyðarnesti" í mötuneytinu ef þannig ber undir að þeir koma af einhverjum ástæðum nestislausir að heiman. „Neyðarnestið" á að greiða daginn eftir í mötuneytinu. Foreldrar eru hvattir til að senda börnin með **hollt og gott nesti** í skólann, ekki „sykursprengjur" og sæta drykki. Sælgæti, gosdrykkir o.þ.h. eru aðeins leyfilegir við sérstök tækifæri. Nemendur í 7.-10. bekk geta keypt hafragraut í áskrift í fyrri frímínútum.

Í skólanum eru nokkur börn með bráðaofnæmi fyrir hnetum og því mikilvægt að taka tillit til þeirra þar sem hnetur geta valdið mjög slæmum og hættulegum ofnæmisviðbrögðum.

Skólinn er því hnetulaus skóli sem þýðir að hvorki börn né starfsmenn koma með hnetur inn í skólann. Við viljum biðja foreldra að gæta þess að börnin komi ekki með nesti sem inniheldur hnetur. Dæmi um slíkt er: hnetujógúrt, abt mjólk með hnetumúsli, brauð með hnetusmjöri, hnetur í poka, alls kyns orkustykki, sumar brauðtegundir, morgunkorn og fleira.

Skólasafnið er opið alla skóladaga frá kl. 8:00-14:00. Á safninu er aðstaða til einstaklings- og hópvinnu auk þess sem nemendur hafa aðgang að tölvukerfi skólans. Á heimasíðu skólans eru frekari upplýsingar um skólabókasafnið.

Í skólanum er unnið gegn **andfélagslegri hegðun**. Tilkynningum um einelti eða grunsemdum þar um skal tafarlaust koma til umsjónarkennara þolandans eða gerandans eftir atvikum eða tilkynna það formlega til eineltisteymis skólans.

Skólinn hefur síðustu ár unnið samkvæmt **uppbyggingarstefnu** þar sem áhersla er lögð á ábyrgð hvers einstaklings á eigin gjörðum og að hver geti lært rétta breytni af mistökum sínum. Uppbyggingarstefnan (Uppeldi til ábyrgðar-Uppbygging sjálfsaga) er eins og nafnið bendir til, aðferð við að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga.

Vinabekkjarsamstarf er með þeim hætti að ákveðnir árgangar vinna saman. Markmið samstarfsins er að bæta samskipti eldri og yngri nemenda í skólanum. Fyrirkomulagið er með þeim hætti að tveir og tveir árgangar tengjast og gera eitthvað skemmtilegt saman einu sinni á önn eða svo. Þessir bekkir eru: 1. og 8. bekkur, 2. og 9. bekkur, 3. og 10. bekkur. Umsjónarkennarar skipuleggja samskipti bekkjanna. Með þessari skipan mála eru árgangarnir vinabekkir í þrjú ár samfellt.

Vinaliðaverkefni
Vinaliðaverkefnið snýst um það að setja upp leikstöðvar í frímínútunum hjá 4. - 6. bekk og stjórna vinaliðar því að allt fari vel fram á hverri stöð.

Val í 5. – 7. bekk. Á miðstigi er nemendum boðið að velja sér viðfangsefni þrjár kennslustundir á viku, á þriðjudögum og föstudögum og verður skipt í níu vikna tímabil, samtals fjögur tímabil. Hver nemandi mun því fara í fjögur viðfangsefni á þriðjudögum og fjögur á föstudögum yfir allan veturinn. Von okkar er að með þessu aukist fjölbreytni viðfangsefna í skólanum og nemendur fái fleiri tækifæri til að sinna verkefnum sem þeir hafa áhuga á. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvernig þeir haga námi sínu.

Val í 8. – 10. bekk. Í 8. bekk velja nemendur 5 kst. á viku en í 9. og 10. bekk eru það 7 kst. Tímarnir eru taldir á ársgrundvelli þannig að ef nemandi velur fag sem er kennt hálfan veturinn í tvo tíma telst það einn tími yfir allan veturinn. Þeir nemendur sem stunda nám í tónlistarskóla eða æfa íþrótt geta fengið það metið sem tvo tíma á

viku hvort. Aðeins er hægt að fá eina íþróttagrein metna. Ekki er hægt að telja með íþrótt í vali sem byrjað er að æfa eftir miðjan janúar.

Íþróttir

Almennt eru íþróttir kenndar úti í september og maí nema að veður sé slæmt. Þegar nemendur eru inni þá er 1.-4. bekkur í íþróttahúsinu við Austurveg en 5. – 10. bekkur á Torfnesi. Ekki er farið fram á það að nemendur á yngsta stigi fari í sturtu að íþróttum loknum. Nemendur í 1. – 2. bekk mega vera í tátiljum, en annars í íþróttaskóm líkt og allir eldri nemendur.

8. HEIMILI OG SKÓLI

Í þessum hluta er fjallað um helstu þætti er snerta samstarf heimilis og skóla. Þess ber að geta að til eru landssamtök foreldra er nefnast **Heimili og skóli.**

Við skólann starfar **foreldrafélag**. Samkvæmt lögum félagsins eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda félagar. Meginmarkmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna.

Í byrjun vetrar eru haldnir **foreldrafundir** sem umsjónarkennarar boða. Oftast er um að ræða síðdegis- eða kvöldfundi þar sem bekkjarstarfið o.fl. er til umræðu. Sl. ár höfum við stundum boðið upp á morgunfundi fyrir unglingastigið, hefur það gefist vel. Foreldrar og nemendur eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara á miðri önn. Auk þess eru foreldraviðtöl hjá 1. bekk í skólabyrjun og skólalok.

Foreldrar sem vilja hafa tal af kennara geta hringt í skólann og ef kennari er ekki viðlátinn má leggja inn skilaboð um að hann hringi í viðkomandi. Ekki er um fasta **viðtalstíma** kennara að ræða. Einnig er hægt að koma skilaboðum með tölvupósti og eru netföng starfsmanna á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á góð **samskipti milli heimila og skóla**. Áríðandi er að kennarar og foreldrar leggi áherslu á að hafa samband sín á milli strax að hausti. Mikilvægt er að trúnaður og traust skapist milli þessara aðila og báðir leggi sig fram um að starfa á jákvæðum nótum. Á unglingsárunum breytist gjarnan samband barna og foreldra en samráð og samvinna á engu að síður að halda áfram þótt unglingurinn taki meiri ábyrgð á eigin námi.

Afmælisboðum skal dreifa utan skólatíma.

Ef barn á við erfiðleika að etja sem ætla má að hafi áhrif á líðan í skóla eða námsgengi þá er best fyrir foreldra að leita fyrst til **umsjónarkennara**. Saman geta þeir unnið með málið og fengið aðra til liðs við sig ef málið er þess eðlis.

Skólahandbók og **bekkjarnámskrár** koma út að hausti. Í 1.-7. bekk eru gefnar út **vikuáætlanir** þar sem kennarar koma ýmsum upplýsingum á framfæri. Skólinn heldur einnig úti heimasíðu þar er margvíslegum fréttum og upplýsingum komið á framfæri.

Upplýsingagjöf til heimila

Hlutverk kennara og umsjónarkennara er að sjá um allar námslegar og faglegar upplýsingar til sinna nemenda og foreldra/forráðamanna. Einnig bera umsjónarkennarar ábyrgð á að heimilin séu upplýst um öll atvik er upp kunna að koma varðandi nemendur.

1. **Mentor** skal nýttur til hins ýtrasta og þar skal koma fram ástundun, kennsluáætlanir/lotur, verkefni, hæfnikort, námsmat, fréttir og vikuáætlanir (í 1. – 7. bekk). Allar upplýsingar varðandi námið og skipulag þess skal sjást í Mentor. Viðkomandi kennarar bera ábyrgð á að allar upplýsingar séu til staðar í Mentor, og skrá ástundun og námsmat eins fljótt og auðið er. Við bendum foreldrum og nemendum á að nýta sér Mentor smáforritið til að einfalda upplýsingaöflun.
   Leyfisbeiðnum nemenda í gegnum Mentor skal svarað í síðasta lagi næsta virka dag.
2. **Tölvupóstur og sími** eru nýttir í samskiptum við hvert og eitt foreldri. Áhersla er lögð á að starfsfólk lesi tölvupóst daglega og svari í síðasta lagi næsta virka dag.
   Sé nemanda vísað út úr tíma hefur viðkomandi kennari samband heim samdægurs.
   Umsjónarkennarar senda ástundun heim mánaðarlega.

Hlutverk skólastjórnenda er að upplýsa heimilin um skólahald, viðburði og annað slíkt er þykir fréttnæmt varðandi skólastarfið í heild.

1. **Heimasíða skólans** www.grisa.isafjordur.is Allar fréttir er varða skólastarfið í heild skulu alltaf birtast fyrst á heimasíðu skólans. Þaðan er þeim deilt á Facebook síðu skólans https://www.facebook.com/grisafjordur/. Ef óveður eða ófærð hamla skólahaldi er upplýsingum þar að lútandi komið á heimasíðuna og Facebook síðuna sem fyrst, helst fyrir kl. 7:00 að morgni ef hægt er. Aðstoðarskólastjóri/umsjónarmaður heimasíðu ber ábyrgð á því að alltaf séu nýjustu upplýsingar á síðunni.
2. **Tölvupóstur** er nýttur af skólastjórnendum ef þarf að koma mikilvægum upplýsingum til foreldra og forráðamanna. Skólastjórnendur skulu svara tölvupósti í síðasta lagi næsta virka dag.
3. **Smáskilaboð** eru send á foreldra/forráðamenn ef þarf að koma mikilvægum upplýsingum með skömmum fyrirvara.

9. HEILSUGÆSLA

Viðverutími hjúkrunarfræðings við Grunnskólann á Ísafirði er frá kl. 8:30– 14:00 á mánudögum og þriðjudögum og og á fimmtudögum frá 8:30-13:00. Auk þess að sinna heilsuvernd situr hjúkrunarfræðingur fundi nemendaverndarráðs. Síminn hjá skólahjúkrunarfræðingi er 450-8304 (bein lína), eða 450-8300 (aðalnúmer skólans) og er foreldrum/forráðamönnum velkomið að hringja ef einhverjar spurningar vakna.
Nauðsynlegt er að skólinn fái allar helstu **heilsufarsupplýsingar** frá foreldrum (t.d. á skráningarblaði 1. bekkjar), einkum er varða ofnæmi, sjúkdóma, lyfjagjafir o.fl. Taki nemandi lyf að staðaldri þarf hjúkrunarfræðingur að hafa vitneskju um það. Mikilvægt er að hjúkrunarfræðingur hafi heilsufarsupplýsingar allra nemenda.

Hjúkrunarfræðingur sér um framkvæmd **flúorskolunar** hjá börnum í 1., 7. og 10. bekk. Foreldrar sem vilja ekki að börn þeirra fái flúor í skólanum skulu hafa samband við hjúkrunarfræðing og koma því á framfæri.
Einnig sér skólahjúkrunarfræðingur um **lyfjagjafir** á skólatíma. Foreldrar eru beðnir um að snúa sér til hans ef um slíkt er að ræða. Lyf eru aldrei geymd í skólanum.

Að gefnu tilefni viljum við benda foreldrum og forráðamönnum barna á hve mikilvægt er að skólabörn fái nægan **svefn og hvíld**. Séu þau ekki útsofin og hvíld geta þau ekki notið kennslunnar né sinnt því starfi sem fram fer í skólanum. Hæfilegur svefn- og hvíldartími er talinn vera 8-12 klst.

Mikilvægt er að bregðast strax við ef grunur er um **lús** og láta hjúkrunarfræðing vita. Ef lús finnst hjá nemanda þá sendir hjúkrunarfræðingur tilkynningu og upplýsingar til foreldra í viðkomandi bekk. Það sama á við um **njálg**. Ef ekki næst að bregðast við skv. leiðbeiningum hjúkrunarfræðings er foreldrum bent á að halda barni sínu heima þar til brugðist hefur verið við í samræmi við verklagsreglur.
Skólahjúkrunarfræðingur sinnir **heilbrigðisfræðslu** (t.d. kynfræðslu) eftir því sem við verður komið og hefur um það samvinnu við kennara. Einnig framkvæmir hjúkrunarfræðingur **heilbrigðiseftirlit** í samræmi við reglur þar um.

10. SKÓLAAKSTUR

Nemendum (sem búa innan Seljalandsveg 44 og í Hnífsdal) er heimilt að nota ferðir **strætisvagna** í og úr skóla. Stætisvagnar ganga milli Holtahverfis og skólans og eins milli Hnífsdals og skólans skv. auglýstri áætlun.
Skólaakstur er einnig milli dreifbýlis í Önundarfirði og Grunnskólans á Ísafirði skv. sérstakri áætlun. Ferðir barna frá Þingeyri og úr Súgandafirði milli heimila og skólans eru í flestum tilvikum á vegum foreldra. Sjálfsagt er að benda á að **skólareglur gilda í skólaakstri** og gildir þá einu hvort um er að ræða stóran strætisvagn eða minni bíl.

11. VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ

Áætlaður fjöldi kennslustunda og skipting milli námsgreina árið 2022-2023

Námsgreinar / árg:	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Íslenska	7	7	6	6	6	6	6	5	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	5	6	6
Danska						1	2	3	4	4
Enska			1	1	2	2	2	4	4	4
Heimilisfræði	1	1	1	1	1	1	1	1		
Íþróttir / sund	4	4	4	4	3	3	3	4	3	3
Listir - myndmennt	1	1	1	1	1	1	1	1		
Listir - tónmennt	1	1	1	1	1	1	1			
Listir - dans	1	1	1	1	0	0	0			
Listir - textílmennt	1	1	1	1	1	1	1	1		
Lífsleikni - umsjón					2	2	1	1	1	1
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Samfélagsgr. / kristinfr. / trúfr.	3	3	3	3	4	3	3	2	2	2
Uppl. & tæknim. / smíðar	1	1	1	1	1	1	1	1		
Uppl. & tæknim. / tölvur+ ritv.	1	1	1	1	1	1	1	1		
Val nemenda					3	3	3			
Val skóla	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals vikustundir:	**30**	**30**	**30**	**30**	**35**	**35**	**35**	**32**	**29**	**29**

12. SKIPURIT GÍ